

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA
ÍSLANDS

Laugavegi 31, 101 Reykjavík • Pósthólf 107 121 Reykjavík

Sími: 354-1-622 555 Fax: 354-1-625 315

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sólveigar Pétursdóttur
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóv. 1996

Vísað er til bréfs yðar, dags. 16. október sl., er barst skrifstofunni 19. október sl., þar sem óskað er umsagnar varðandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 29. mál, barnaklám.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands telur þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu til bóta og er að mestu sammála þeim. Þó telur hún rétt að koma neðangreindum athugasemdum á framfæri.

Í 2. másl. 1. gr. frumvarpsins segir að sömu refsingu varði að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt. Stjórnin telur rétt að fella brott orðið „grófan“ í 2. másl. 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið er of þröngt. Ef orðið gróft yrði felld brott yrði ákvæðið víðtækara en mundi þó ekki ná yfir eðlilegar nektamyndir af börnum. Þó er ljóst að orðalagið „börn noti hluti á klámfenginn hátt“ og „eðlilegar nektamyndir“ er matskennt og háð túlkun dómstóla í hverju tilfelli fyrir sig hvað telst klámfengið og hvað eðilegt.

Í athugasemdum um frumvarpið á bls. 1. segir: „Rannsóknir á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglunni um friðhelgi einkalífs.“ Stjórnin tekur undir þessi sjónarmið. Í athugasemdum við frumvarpið er ekki greint frá því hvernig ætla megi að framkvæmdin á rannsókn verði, það er að segja hvernig löggæsluyfirvöld muni standa að öflun upplýsinga um og nálgast efni með barnaklámi sem aðilar hafa í vörslum sínum.

Samkvæmt 66. gr. stjórnarskrár er heimilið friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema með dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild. Í IX-XI. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 eru ákvæði um

rannsókn, hald á munum ofl. og leit. Stjórnin telur að setja þurfi frekari reglur en þær sem tilgreindar eru í XI. kafla laganna þar sem fjallað yrði sérstaklega um leit á efni með barnaklámi sem aðilar hafa í vörslu sinni. Slíkar reglur ættu bæði að miðast við að auðvelda framkvæmd rannsókna slíkra mála og setja lögreglu skorður varðandi umgengni um staði þar sem hún leitar.

Stjórnin telur þó að rannsókn slíkra mála muni ávallt verða erfið í framkvæmd og erfitt getur verið að meta hvaða efni beri að telja barnaklám og hvað ekki. Við hvað eiga löggæslufirvöld að miða er þau leggja hald á slíkt efni? Í athugasemdum um 1. gr. frumvarpsins segir: „Refsiábyrgð samkvæmt greininni er skilgreind með þeim hætti að börn séu sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Eins og áður segir er með þessu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lífllækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta. Eðlilegar nektamyndir falla utan gildissvið ákvæðisins.“ Þrátt fyrir þessa leiðbeiningu um það hvað felist í hugtökunum „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ getur verið torvelt fyrir löggæslufirvöld að meta hvað telst efni með barnaklámi og hvað ekki er þau leggja hald á slíkt. Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Klám [er] afstætt hugtak og inntak þess [tekur] breytingum eftir tíðaranda.“ Í athugasemdum við frumvarpið til almennra hegningarlaga er ekki skilgreint hvað sé refsivert klám. Þar af leiðandi getur verið óljóst hvaða efni telst vera með barnaklám og hvað ekki.¹ Enn fremur geta mörkin milli þess hvað telst annars vegar list og hins vegar klám verið óljós.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands bendir á álit sérfræðinganeftdar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) frá mars 1986 þar sem gerður er greinamunur á hugtökunum klámi (pornografía) og kynþokkalist (erotika). Þar er klám skilgreint sem ógrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.

Í athugasemdum um 1. gr. frumvarpsins segir á bls. 5: „Hvenær einstaklingur telst hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni getur gefið tilefni til nánari umfjöllunar, sérstaklega þegar efni er dreift með vélrænum hætti“. Stjórnin telur brýnt að í athugasemdunum sé nánar rætt um dreifingu efnis með „internetinu“. Í ljós hefur komið að einstaklingar hafa dreift barnaklámi á heimasíður hjá grandlausum notendum. Allir sem merktir eru inn á netið eru þó merktir tölvu sinni og einnig er öryggisnet sem á að gera öðrum ókleift en þeim sem merktir eru heimasíðunni að breyta eða bæta við hana. Til að sleppa undan því númeri og komast í gegnum öryggisnetið þarf töluverða þekkingu en það er hægt. Umræður hafa verið um alþjóðlegt samstarf á þessu sviði.

¹ Sbr. umræðu í Þýskalandi síðasta sumar um hvort banna eigi fræðslumyndir um kynlíf og kynþroska þar sem sýndar eru „nektarmyndir“ af börnum og unglingum.

Í athugasemdum um 1. gr segir: „Í frumvarpinu er talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 er með börnum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs og er í frumvarpi þessu miðað við sömu aldursmörk. Ljóst er að það getur verið erfitt sönnunarmál hvort um sé að ræða yngri einstaklinga en 16 ára. Í því sambandi er það þó mikilvægast að alvarlegustu tilvikin falla þó án vafa undir þessi aldursmörk.“

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands telur að ekki beri eingöngu að geta um það í athugasemdum um 1. gr. að frumvarpsins að ákvæðið eigi við um börn 16 ára og yngri heldur beri að tilgreina aldursmörkin sérstaklega í lagaákvæðinu svo að texti þess verði skýr og ótvíæður.

Í XXII. kafla hegningarlaga koma fram tvö aldursmörk varðandi hugtakið barn. Með barni er annað hvort átt við einstakling yngri en 14 ára sbr. 202. gr. eða einstakling yngri en 16 ára sbr. 200-201. gr. Stjórnin telur æskilegt að samræma aldursmörkin í ákvæðum XXII. kafla hegningarlaga þegar rætt er um hugtakið barn sbr. 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Í athugasemdum um 2. gr. segir að lagt sé til að gildistaka laganna verði 1. júlí 1997. Tilgangur þess sé að láta lögin ekki öðlast gildi þegar í stað er að þeim sem hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni gefist hæfilegur frestur til að eyða því efni sem fellur undir ákvæði frumvarpsins. Stjórnin telur að þrjú mánuðir ættu að vera nægjanlega langur tími fyrir þá sem hafa barnaklám í fórum sínum til að losa sig við slíkt.

Jafnframt fyrrgreindu lýsir stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands yfir ánægju sinni yfir því að í athugasemdum við frumvarpið sé greint frá 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 og tilmælum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðsins um barnaklám.

F. h. stjórnar Mannréttindaskrifstofu
Íslands,